



Reykjavík, 20. október 2015

Tilv. 9.7.8

GG/sl

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Efni: Tillaga að endurnýjuðu starfsleyfi Norðuráls Grundartanga ehf.

Stjórn Faxaflóahafna sf. fjallaði þann 16. október s.l. um auglýst deiliskipulag að lóð Norðuráls Grundartanga ehf. og tillögu að nýju starfsleyfi fyrirtækisins.

Í auglýsingu starfsleyfisins segir m.a.: „Álverið á Grundartanga hefur áform um að auka framleiðslu sína með straumhækkun, en núverandi starfsleyfi gefur heimild til að framleiða allt að 300.000 tonn á ári og gildir til ársins 2020. Því hefur fyrirtækið sött um nýtt starfsleyfi. Umhverfisstofnun hefur unnið tillögu að starfsleyfi fyrir Norðurál Grundartanga ehf. fyrir framleiðslu á allt að 350.000 tonnum af áli, auk tengds reksturs. Núverandi deiliskipulag er hins vegar talið í ósamræmi við þessi áform fyrirtækisins. Nýtt deiliskipulag er nú í auglýsingu til 3. september n.k. Það er forsenda fyrir útgáfu starfsleyfis að aðalskipulag liggi fyrir sem geri ráð fyrir eða útiloki a.m.k. ekki viðkomandi starfsemi.“

Vegna fyrirhugaðrar aukningar á framleiðslu Norðuráls segir m.a. í auglýsingu á breyttu deiliskipulagi: „Vegna efldra mengunarvarna sem settar verða upp mun heildarlosun flúors ekki aukast við framleiðsluauknunguna. Styrkur þess ætti því að vera vel undir viðmiðunarmörkum eins og nýjustu vöktunarmælingar sýna.“

Gera má ráð fyrir að viðmiðunargildi vegna brennisteinstvíoxíðs (SO_2) verði uppfærð til samræmis við önnur starfsleyfi álvera hér á landi sem hafa álíka framleiðslugetu. Hámarkslosun á SO_2 mun því lækka úr 21 kg/t Al niður í 18 kg/t Al og leyfileg heildarlosun á SO_2 verður því sú sama og áður.“

Stjórn Faxaflóahafna sf. vill af þessu tilefni minna á úttekt sem Faxaflóahafnir sf. létu gera á umhverfisáhrifum á Grundartanga sem gefin var út í skýrslu í maí 2013. Þar er m.a. bent á eftirfarandi:

- "► Þolmörkum er náð á Grundartanga hvað varðar styrk brennisteinstvíoxíðs við jaðar þynningarvæðisins.
- Skýrsluhöfundar kveikja á viðvörunarljósum varðandi nokkra mengunarþætti og telja nauðsynlegt að fylgjast með gangi mála með framtíðarupplýsingum á svæðinu í huga."

Á grundvelli skýrslunnar samþykkti stjórn Faxaflóahafna sf. eftirfarandi:

- a) „Stjórn Faxaflóahafna sf. beinir því til eigenda fyrirtækisins að mótuð verði stefna um framtíðarupplýsingum á Grundartanga þar sem m.a. verði gert ráð fyrir framleiðslustarfsemi og þjónustu sem taki mið af niðurstöðu úttektarskýrslunnar m.a. varðandi brennisteinstvíoxíð. Áfram verði gert ráð fyrir iðnfyrirtækjum á svæðinu. Þá verði rætt við sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar um skipulag svæðisins. Miðað verði við að framleiðsla og þjónusta fyrirtækjanna nýti græna orku og starfi samkvæmt umhverfismarkmiðum Faxaflóahafna sf.
- b) Þeirri ósk er komið á framfæri við Umhverfisstofnun að stofnunin komi á fót samráðsvettvangi og auknu samráði milli þeirra aðila sem vinna að umhverfisvöktun á svæðinu. Þá verði framsetning umhverfisupplýsinga enn bætt þannig að íbúar í nágrenni svæðisins hafi greiðan aðgang að grundvallarupplýsingum varðandi stöðu mála.

- c) Þeim tilmælum er beint til Umhverfisstofnunar og Norðuráls ehf. að komið verði á upplýsingamiðlun til íbúa í grennd við Grundartanga svo að þeir geti brugðist við ef óhagstætt veðurfar er talið geta aukið líkur á að dreifing flúors verði umfram það sem býningarsvæði og reiknilíkön gera ráð fyrir.
- d) Þeim tilmælum er beint til Umhverfisstofnunar, Elkem Island ehf. og Norðuráls ehf. að skýrsla starfshópsins um úttekt á umhverfisáhrifum verði tekin til sérstakrar umfjöllunar á vettvangi þessara aðila og tillögur skýrsluhöfunda nýttar til þess að frekari sátt megi náast um umhverfismál á svæðinu.
- e) Faxaflóahafnir sf. lýsa sig reiðubúnar til að koma að þeim umhverfisverkefnum á Grundartanga, sem gætu orðið til þess að ná fram þeiri sátt í umhverfismálum á svæðinu, sem er íbúum, fyrirtækjum og framtíðaruppgöggingu nauðsynleg.“

Eftir að samþykkt þessi var gerð hafa Faxaflóahafnir sf. og Hvalfjarðarsveit gert með sér samkomulag um grænar áherslu á Grundartanga og segir m.a. í samkomulaginu:

„Að við úthlutun lóða til nýrra fyrirtækja á skilgreindum iðnaðarsvæðum samkvæmt gildandi aðalskipulagi á Grundartanga verði gerðar ríkar kröfur til þess að starfsemi nýrra fyrirtækja hafi í för með sér lágmarks umhverfisáhrif. Aðilar eru jafnframt sammála um að auka samstarf við þau fyrirtæki, sem þegar starfa á Grundartanga, í því skyni að ná enn frekari árangri í umhverfismálum. Aðilar eru sammála um að móta stefnu um æskilega nýja starfsemi á svæðinu þar sem umhverfissjónarmið verði höfð að leiðarljósi.“

Þessum stefnumálum má m.a. sjá stað í nýju aðal- og deiliskipulagi vegna fyrirhugaðrar starfsemi Silicor þar sem losun á flúor og SO₂ er óheimil. Eins er vísað til skýrslu Faxaflóahafna sf. um úttekt á umhverfisáhrifum þar sem lokakafli skýrslunnar fjallar um ábendingar til úrbóta. Að auki er þar kveðið á um ákveðna þætti varðandi lýsing og hljóðvist sem ekki síður er mikilvægt að hafa í huga. Faxaflóahafnir sf. vinna að skýrslu um hvernig draga megi úr lýsingu á hafnarsvæðinu án þess þó að skerða öryggi starfseminnar á Grundartanga. Loks er verið að vinna skýrslu um hljóðvist á Grundartanga.

Með vísan til framangreinds er það afstaða stjórnar Faxaflóahafna sf. að tryggt verði að aukin framleiðsla áls á Grundartanga leiði ekki til aukinnar losunar flúors og SO₂, og að aukin samvinna Hvalfjarðarsveitar, Faxaflóahafna sf., Umhverfisstofnunar og fyrirtækja á svæðinu leiði til betri og jákvæðri umhverfisáhrifa á Grundartanga.

Virðingarfyllst,
Gísli Gíslason, hafnarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla um úttekt á umhverfisáhrifum á Grundartanga frá í maí 2013.